

Minnisblað um vinnumarkaðssjóði

5. febrúar 2018

Lágmarksviðmið

- BSRB hefur talað fyrir því að öll lágmarksviðmið fyrir þá sem falla tímabundið eða varanlega út af vinnumarkað vegna óvinnufærni, til að annast börn sín eða elli njóti sömu lágmarkskjara og samið hefur verið um á vinnumarkaði, þ.e. 300.000 kr.
- Sömu sjónarmið gilda varðandi hámarksgreiðslur frá Ábyrgðasjóði launa og tókum við því undir tillögur ASÍ um að þær fylgi hámarksgreiðslum í fæðingarorlofi.
- Samkvæmt útreikningum ASÍ rúmast tillögurnar vel innan þess tryggingagjalds sem hefur verið ákveðið fyrir atvinnuleysistryggingarsjóð og við tókum undir mikilvægi þess að sjóðurinn sé sjálfstæður og markaður tekjustofn til framtíðar.

Fæðingarorlof

- Varðandi fæðingarorlofssjóð þá skilaði starfshópur á vegum Velferðarráðuneytis tillögum sínum í mars 2016 og helstu tillögur hafa verið nefndar nú þegar.
- Lenging fæðingarorlofs átti að koma til framkvæmdar í þremur þrepum og vera lokið fyrir 2021. Nú er kominn tími til að fylgja eftir þeim markmiðum sem búa að baki þessari tillögu og byggja á uppreiknuðum hámarksgreiðslum líkt og ASÍ hefur nefnt.
- BSRB og félagar okkar í ASÍ hafa gert margt til að koma þessu til framkvæmda s.s. með átakinu Betra fæðingarorlof.

Umönnunarbilið

- Vandi foreldra af svokölluðu umönnunarbili hefur veruleg áhrif á möguleika til samþættingu fjölskyldu og atvinnulífs og umönnunarábyrgðin lendir að miklum meirihluta á konum.
- Umræða um fæðingarorlof og lengingu þess er liður í að brúa þetta bil en að okkar mati verður að horfa heildstætt á vandann þó að ábyrgðin samkvæmt núgildandi lögum sé annars vegar hjá ríki og hins vegar sveitarfélögum.
- Skýrsla BSRB um dagvistunaúrræði sýnir að fáir barn dagvistun við 12 mánaða aldur má gera ráð fyrir að móðirin hafi verið í um 9,5 mánuði frá vinnu en faðirinn 2,5 mánuði vegna barneigna. Konan er þá um fjórfalt lengur frá vinnumarkaði en karlinn. Börn á Íslandi eru að meðaltali rúmlega 20 mánaða gömul þegar þau komast inn á leikskóla og umönnunarbilið 3-6 mánuðir eftir því hvar foreldrar eru búsettir á landinu.
- 12% landsmanna býr í sveitarfélögum þar sem ekki starfa dagforeldrar. Öll þessi sveitarfélög eru á landsbyggðinni og endurspeglar verulegan aðstöðumun landsmanna eftir búsetu.
- Það hefur sýnt sig að það er ekki rétt að tryggja foreldrum umönnunargreiðslur sem lið í því að brúa umönnunarbilið. Þær eru almennt afar lágar, ekki í nokkru samræmi við það

tekjutap sem foreldrar verða fyrir og því eru það nær eingöngu mæður sem eru heima með barninu og nýta greiðslurnar.

- Fjármögnun fæðingarorlofs er með fjölbreyttum hætti víða um heim. Í stað þess að ýta þessu vandamáli sífellt á undan okkur er það tillaga okkar að ríkissjóður bregðist við með fjárframlögum til sjóðsins svo að 12 mánaða fæðingarorlof komi fyrir til framkvæmda og hafið verði samtal við sveitarfélögin til að tryggja dagvistunarræði að því loknu.

Jafnréttismál

- Að undanskilinni lögfestingu jafnlaunastaðals einkennist þróun jafnréttismála af stöðnun. Við vitum einnig að grípa þarf til aðgerða til að breyta öllum þeim þáttum sem hafa áhrif á jafnrétti á vinnumarkaði.
- Einn þessara þátta sem hefur áhrif á jafnrétti er samþætting fjölskyldu og atvinnulífs. Ísland í 33. sæti af 38 löndum í samanburði um jafnvægi vinnu- og einkalífs samkvæmt samantekt OECD frá 2015 (nýjustu tölur).
- Fæðingarorlof er veigamikill þáttur í samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Það hefur sýnt sig að aukin þátttaka feðra í fæðingarorlofi skilar sér í aukinni þátttöku í umönnun og ábyrgð vegna barna sinna til framtíðar. Með öðrum orðum, því lengur sem feður annast börn sín einir því meiri þátt taka þeir í umönnun þeirra út ævina.
- Samkvæmt þessu leggjum við hjá BSRB ríka áherslu á að Fæðingarorlofssjóður fái tiltekna innspýtingu frá ríkissjóði til að lengja megi fæðingarorlof sem fyrst, þá verði tilfærslur á þáttum tryggingargjalds til sjóðsins, hámarksgreiðslur verði 645 þúsund og greiðslur upp að 300þús verði óskertar en 80% af viðmiðunartekjum eftir það.

Sjóðirnir

- Við leggjum mikla áherslu á að það fjármagn sem er eyrnamerkt sjóðunum fari sannarlega í þau málefni sem þeir eiga að sinna. Það er svo útfærsluatriði hvernig tryggja má að það verði.